



**Iceland**  
STAÐARBERGI

**NORÐURBAKKI 7C**



123 m<sup>2</sup> 62,9 millj. kr.

Glæsileg 3ja-4ra herb. íbúð á fyrstu hæð í þessu nýtskulega fjölbýli við höfnina. Íbúðin er fullbúin með gólfefnum og er til afhendingar við kaupsamning.

**KLUKKUVELLIR 1**



116 m<sup>2</sup> 48,9 millj. kr.

Glæsileg björt og rúmgóð endaíbúð á jarðhæð í glæsilegu nýlegu fjölbýli (2015) auk þess m 40 m<sup>2</sup> afgirtur pallur/verönd. Útsýni. Stutt í skóla og leikskóla. Laus strax.

**ENGJAVELLIR 5B**



71 m<sup>2</sup> 34,5 millj. kr.

Björt og falleg 2ja herb. íbúð á jarðhæð með sér inngangi og verönd í góðu vel staðsettu fjölbýli. Mjög góð afgirt hellulögð verönd sem snýr í suðvestur.



**HRAUNHAMAR**  
F A S T E I G N A S A L A

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is  
Stofnuð 1983

**Burger\*inn**



Sími: 555 7030  
www.burgerinn.is

**Litla Gæludýrabúðin**



Fullkomið Hundabað

Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666

## Þjóðskrá upplýsir ekki um lögheimilsskráningu

Segjast þó vera að skoða nokkrar skráningar í Hafnarfirði

Í ljósi fréttar af skoðun Þjóðskrár á skráningu lögheimila einstaklinga í Arneshreppi á Ströndum óskuðu Fjarðarfréttir eftir því að vita hvort Þjóðskrá hafi á sama hátt skoðað lögheimilsskráningu Einars Birkis Einarsson bæjarfulltrúa í Hafnarfirði. Einar hefur, eins og almenningur veit, skráð lögheimili sitt hjá systur sinni í Hafnarfirði þó hann búi ásamt eigin konu sinni í Kópavogi og hafi gert um nokkurt skeið. Ástríður Jóhannesdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Þjóðskrár Íslands segir stofnunina ekki geta

upplýst um hvort lögheimilsskráningar tiltekinn einstaklinga séu til skoðunar hjá stofnuninni en allar ábendingar sem stofnuninni berist um ranga

skráningu lögheimilis séu teknar til skoðunar.

Hins vegar sagði hún aðspurt að stofnunin væri með nokkur mál til meðferðar sem varða lögheimilsskráningu í Hafnarfirði.



Liklega er enginn með lögheimili skráð í Skarðshlíð!



sími 842 2217

**HELGAPELL**  
FASTEIGNASALA

**A-stöðin**

**TAXI**

Hafnfirska leigubílastöðin

**520 1212**

Skodadu tertuúrvalið á [kokulist.is](http://kokulist.is)



Jón Arnluss  
**KÖKULIST**

Kökulist verslunarmiðstöðinni Þróð Hafnarfirði  
Kökulist Hólavágu 17 Reykjavík  
Kökulist Mínbúð 2 Garðabær  
Kökulist@kokulist.is - 555 66 55

**D**

# KOSNINGAHÁTÍÐ

## Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði

Fritt inn!







Mánudaginn 21. maí,  
annan í hvítasunnu kl. 16:00  
í Bæjarbíói

Höldum áfram + fyrir Hafnarfjörð

# FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



VÍÐIS AÐAKIRKJA

Hvítasunnudagur 20. maí

Hátíðarhelgistund kl. 20

Helga Þórdís Guðmundsdóttir  
spilar og leiðir söng.

Prestur: Sr. Stefán Már Gunnlaugsson

**FERMINGARSKRÁNING**  
stendur yfir á vidistadakirkja.is

www.vidistadakirkja.is



## leiðarinn

Pólítík virðist snúast um að fegra hluti eða lasta. Samtök atvinnulífsins birtu athyglisverðan samanburð á rekstri og fjármálum. stærstu sveitarfélögunna þar sem Hafnarfjörður kom afar illa út. Sitt sýndist hverjum um aðferðafræðina en staðreyndirnar skrókva ekki. Tekist hefur að bæta fjárhag Hafnarfjarðar og skuldaviðmiðið hefur lækkað en aðallega vegna þess að tekjur hafa aukist. Skuldir hafa ekki lækkað á milli ára og skuldir á hvem íbúa eru aðeins hærri í Reykjavík og Reykjanesbæ auk Fjarðarbyggðar.

Sagt er að aðeins sé fjárfest fyrir eigið fé en féð er tekið af lóðasölu þó skýrt hafi verið tekið fram í upphafi kjörtímabils að það fé ætti að nota til að greiða niður þau lán sem tekin voru til að fjármagna endurgreiðslur vegna lóðarúthlutana eftir hrún.

Þannig eru hlutir fegraðir og erfitt fyrir bæjarbúa að treysta því sem kemur frá stjórnslu sveitarfélögunna sem leikur með í pólitískri kosningabaráttu. Samskiptastjóri bæjarins keypti opnu viðtal við oddvita eins meirihlutflokksins í Fréttablaðinu á þriðjudag fyrir 250 þúsund kr. Var það til þess að markaðssetja Hafnarfjörð eða hjálpa til við kosningabaráttu eins flokksins?

Ný skoðanakönnun sama blaðs sýnir að meirihlutinn er fallinn þó ætla megi að könnunin sé lítt marktæk þar sem aðeins um helmingur þeirra sem náðist í töku afstöðu til flokka. Því gátu sjónarmið örfárra breytt miklu um fylgi flokkanna.

Margir boða heiðarleika en það virðist vera erfiðara að sýna hann í verki. Spyjum gagnrýninna spurninga og látum ekki kosningaloforð blekkja.

Guðni Gíslason ritstjóri.

## Mótmæla ásökunum Guðlaugar

Borghildur Sölvey Sturludóttir og Pétur Óskarsson varabæjarfulltrúar Bjartrar framtíðar hafa sent samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu yfirlýsingu í kjölfar svarbréfs til ráðuneytisins sem samþykkt var með þremur atkvæðum í bæjarstjórn í síðustu viku.

Þar mótmæla þau þeirri fullyrðingu Guðlaugar Svölu Kristjánsdóttur fyrrum oddvita Bjartrar framtíðar um að ástæður brottvikningar þeirra úr ráðum megi rekja til langvarandi og djúpstæðra samstarfsörðugleika og trúnaðarþrests innan fulltrúahóps Bjartrar framtíðar (BF) og að samskiptin við þau hafi verið stírt um langan tíma.

Vísu þau ábyrgðinni á Guðlaugu sem hafi lítið sinnt oddvitastarfinu vegna anna sem formaður stjórnar Bjartrar framtíðar og framboðs síns til þings í Norðurlandi vestra. Segja þau hana ekki hafa boðað til funda og hún hafi misst trúnað í flokknum og hún hafi ekki haft traust til þess að leiða listann í komandi kosningu.

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Hvítasunnudagurinn 20. maí

Hátíðarmessa kl. 11

Ferming.

Sjá nánar á [www.hafnarfjardarkirkja.is](http://www.hafnarfjardarkirkja.is)  
[www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja](https://www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja)

## Auglýsingar

sími 565 4513 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚD • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristin Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er  
[www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is)

# Aðeins þrjár greiddu atkvæði með svari

Bæjarstjóri líkti málflytningi Gunnars Axel við skáldskap!

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar tók til afgreiðslu, á fundi sínum 9. maí sl. drög að svörum við erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins til Hafnarfjardarkaupstaðar, dags. 20. apríl sl. vegna stjórnslu-ákvarðana Hafnarfjardarbæjar og þátt tveggja fv. bæjarfulltrúa Bjartrar framtíðar í þeim ákvörðunum.

Forsetanefnd hafði tekið að sér að vinna svar til ráðuneytis og fól stjórnslunni að vinna drög að því. Í nefndinni sátu Margrét Gauja Magnúsdóttir 1. varforseti, Kristinn Andersen, 2. varforseti og Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir áheyrnarfulltrúi.

Hörð umræða var um málið og gagnrýni Gunnar Axel Axelson bæjarfulltrúi málið í löngu máli og taldi m.a. undirbúning af hálfu stjórnslunnar ábótavant.

Brást bæjarstjóri svo við erindi Gunnars Axel að hann í raun taldi erindi hans skáldskap og líkti því við hvernig biskup Íslands talaði um pólítík innan Þjóðkirkjunnar og sagðist ekki hafa annað um málið að segja og svaraði því engum athugasemdum Gunnars efnislega. Þeir sem áhuga hafa geta hlustað á síðustu tvo bæjarstjórnarfundina þar sem bæjarstjóri hefur reiðst mjög yfir málflytningi Gunnars Axels. Lagði Gunnar svo fram ítarlega bókun þar sem hann mótmælir m.a. að afgreiðsla bæjarstjórnar á breytingum í skipulags- og byggingarráði og í hafnarstjórn væru venju samkvæmt. Þær breytingar sem áður hafa verið gerðar hafi verið gerðar í samkomulagi við víðeigandi ráðsmenn og án ágreinings. Áréttaði hann að fulltrúar

minnihlutans fengu engar leiðbeiningar fyrir bæjarstjórnarfundinn þann 11. apríl sl. um hvernig rétt væri að standa að undirbúningi og framkvæmd svo óvenjulegrar afgreiðslu sem varla á sér mjög mörg fordæmi í framkvæmd nügildandi sveitarstjórnarlaga.

Gagnrýni hann einnig frægt hlé sem gert var á fundi bæjarstjórnar 11. apríl þar sem ritstjóra Fjardarfretta var vikið úr fundarsal á meðan. Taldi hann að þar hafi farið fram málefnalega umræða sem vera hefði átt á fundinum sjálfum og bæjarstjórn hafi ekki afgreitt tillögu um fundarhlé eins og gera eigi skv. samþykktum Hafnarfjardarkaupstaðar.

### SVARBRÉFIÐ SAMÞYKKT MEÐ PREMUR ATKVÆÐUM

Var bréfið borið upp til samþykktar en svo bar við að aðeins þrjár bæjarfulltrúar greiddu atkvæði með tillögunni, bæjarfulltrúarnir Kristinn Andersen, Ólafur Ingi Tómasson og Rósa Guðbjartsdóttir. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins þar Helga Ingólfssdóttir og Unnur Lára Bryde sátu hjá við afgreiðslu málsins eins og fulltrúar minnihlutans, Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir, Adda María Jóhannsdóttir, Margrét Gauja Magnúsdóttir og Gunnar Axelson.

Bæjarfulltrúarnir Einar Birkir Einarsson og Guðlaug Svala Kristjánsdóttir véku af fundi undir þessum dagskrárlíð.

Sjá nánar á [fjardarfrettir.is](http://fjardarfrettir.is) „Aðeins þrjár.“



# Fengu viðurkenningu fyrir farsælt starf með börnum í Hafnarfirði

Sl. þriðjudag veitti daggæslufulltrúi, fyrir hönd skrifstofu fræðslu- og frístundáþjónustu Hafnarfjarðar, Sigríði

Jónsdóttur dagmóður og Maríu Hjartardóttur dagmóður viðurkenningu fyrir ómetanlegt framlag þeirra í þjónustu

við hafnirsk börn og foreldra þeirra. Sigríður á að baki 45 ára farsælt starf sem dagmóðir í bænum og María 43 ár.

Þær hófu því störf við daggæslu á áttunda áratugi síðustu aldar þegar hugtakið dagforeldri var vart til.



María Hjartardóttir dagmóðir.



Sigríður Jónsdóttir dagmóðir.

## Sátt um eignaskiptingu Sólvangs og gamla Kató

Hafnarfjarðarbær og Ríkissjóður hafa gert með sér makaskipti á eignarhlutum í Sólvangi að Sólvangsvegi 2. Hafnarfjarðarkaupstaður verður 100% eigandi að hjúkrunarheimilinu Sólvangi sem er 3.156,2 m<sup>2</sup> að stærð, byggt 1942 og 1950 en Ríkissjóður verður eigandi þess hluta að Sólvangsvegi 2 sem nýtt er undir starfsemi heilsugæslu um 1.454 m<sup>2</sup> að stærð auk hlutdeildar í sameign. Hafnarfjarðarkaupstaður verður hins vegar eigandi að þeim hluta húsnæðisins sem nýtt er undir starfsemi hjúkrunarheimilis um 607 m<sup>2</sup> auk hlutdeildar í sameign. Rýmisstærðir verði endanlega afmarkaðar í eignaskiptasamningi.

Með þessu eru gerð skýr skil á eignarhlutum hvors aðila um sig í Sólvangi en deilt hefur verið um hver eignarhluti hvors um sig væri.

Þá eru makaskipti gerð á eignarhlutum í fasteign og lóð við Suðurgötu 44, gamla Kató, og verður Ríkissjóður 100% eigandi að húseigninni Suðurgötu 44, byggðri árið 1937 og er skráð stærð eignarinnar 885,7 m<sup>2</sup>. Hafnarfjarðarkaupstaður verður hins vegar 100% eigandi að eignarlóðinni Suðurgötu 44, 1.319,3 m<sup>2</sup> en skuldbindur sig til að ganga frá gerð lóðarleigusamnings um fasteignina. Með þessu er sameiginlegu eignarhaldi á Suðurgötu 44 endanlega slitið.



Ljóm.: Guðni Glásson

## SKJÓSTU OG KJÓSTU!

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram í Smáralind alla daga frá 10 - 22



## KJÖRSKRÁ Í HAFNARFIRÐI

Kjörskrá í Hafnarfirði vegna sveitarstjórnarkosninganna þann 26. maí 2018 liggur frammi almenningi til sýnis í Ráðhúsi Hafnarfjarðar, þjónustuveri, Strandgötu 6, frá kl. 8-16 alla virka daga frá 16. maí 2018.

Kjósendur eru hvattir til þess að kynna sér hvort nöfn þeirra séu á kjörskránni. Athugsemdum við kjörskrá skal beina til bæjarráðs Hafnarfjarðar.

Kjósendum er einnig bent á vefinn [www.kosning.is](http://www.kosning.is) en þar má finna hvor kjósendur eru á kjörskrá.

Hafnarfirði 14. maí 2018  
Yfirkjörstjórn Hafnarfjarðar.

585 5500  
[hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)



# Grunnskólarnir okkar!

Í Hafnarfirði eignum við afbragðs grunnskóla sem mannaðir eru miklu og góðu fagfólki. En þetta fagfólk þarf faglegt

## Aukum faglegt sjálfstæði skóla

Við í Samfylkingunni teljum að skólarnir okkar verði best eflir innan frá með því að virkja þann mannauð og sköpunarkraft sem býr í starfsfólki hvers skóla. Þess vegna viljum við efla faglegt sjálfstæði skólanna og auka svigrúm þeirra til að móta eigin stefnu. Við viljum tryggja gott faglegt umhverfi sem laðar að gott starfsfólk og leita leiða til að draga úr álagi í starfi.

## Skóli fyrir alla – þverfaglegar lausnir

Til að öll börn hafi sömu tækifæri til að þroskast og rækta sína hæfileika þurfum við að skapa umhverfi sem styður við og hlúir að hverju barni. Til þess að svo megi verða þarf að styrkja og styðja við fagfólkið í skólunum.

Þverfaglegt samstarf kennara og annara sérfræðinga úti í hverjum skóla er

lykillinn að því að börn nái að þroska með sér þá eiginleika sem við teljum mikilvæga í nútímasamfélagi. Lausna- og þróunarteymi inni í hverjum grunnskóla með aðkomu þverfaglegs hóps s.s. kennara, þroskaþjálfra, iðjuþálfa, sálfræðinga, náms- og starfsráðgjafa og félagsráðgjafa er einn liður í að efla þjónustu við nemendur út frá þörfum hvers og eins.



Friðbjófur Helgi Karlsson

## Hlúum að og sýnum fagfólki þá virðingu sem það á skilið

Mannauður hvers skóla er mikils virði. Við verðum að rækta þann auð með öllum tiltækum ráðum og fá fleira gott fagfólk til liðs við okkur til að efla enn frekar það góða starf sem unnið er í skólunum. Mikilvægt skref í þeirri viðleitni er að sýna það í verki að við treystum á og virðum fagþekkingu þess góða starfsfólks sem í skólunum vinnur. Án þess náum við ekki að tryggja börnum og ungmennum jöfn tækifæri til menntunar og þroska, virkja styrkleika hvers og eins nemanda, efla frumkvæði hans og sköpunarkraft.

Höfum það hugfast!  
Höfundur er varabæjarfulltrúi og skipar 2. sætið á lista Samfylkingarinnar.

# Auglýsingar

565 3066 - 896 4613 - gudni@fjardarfrettir.is

## Umhverfismál í bráð og lengd

Umhverfismál eru stórmál sem snerta flesta þætti daglegs lífs ásamt því að vera mótandi fyrir framtíðina. Eins og önnur sveitarfélög þarf Hafnarfjörður að móta sér umhverfisstefnu sem bæði miðast við staðbundnar aðstæður, en einnig framtíðarsýn til langs tíma. Langtímaáætlanir eru ein af megin stöðum góðrar stjórnsýslu að mati Pírata.

Skammtíamarkmið ættu að miðast að því að skapa heilsusamlegan bæ, m.a. með því að gæta þess að loftgæði séu með því besta. Fylgjast þarf grannt með mengun frá umferð og fyrirtækjum og grípa til viðeigandi ráðstafana fari hún yfir ásettanleg mörk. Hvatt verði til umhverfisvænnar starfsemi með hagrænum hvötum til fyrirtækja með viðurkennda umhverfisvottun en einnig standi til boða styrkir til smárra og meðalstórra fyrirtækja sem vilja endurnýja búnað með umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Stutt skal við rafbilavæðingu.

Langtíamarkmiðin snúast að mati Pírata um að vernda umhverfi og auðlindir í bæjarlandinu til framtíðar. Sér í lagi á þetta við um vatnsból Hafnarfjarðar og grannsvæði þeirra, sem vernda þarf með öllum ráðum gegn mengunarvöldum. Verðmæti þessa svæðis er mikið í dag en til framtíðar gæti það verið ómetanlegt.

Hafnarfjarðarbær þarf að setja sér langtíma markmið um nýtingu náttúrugæða. Þá er meðal annars átt við verndun ósnortinna hraunsvæða og landslagsheilda sem bæði finnast í nágrenni bæjarins sem og á Krýsuvíkursvæðinu og þar um kring.

Stefnumörkun varðandi umhverfismál skal ævinlega fara fram í opnu ferli, enda á markmiðið að vera samráð við íbúana. Upplýsingar um framkvæmdir séu veittar þannig að íbúar geti komið markvisst að skipulagsmálum bæjarins og tekið ákvarðanir sem varða þau.

Höfundur skipar 5. sæti á lista Pírata í Hafnarfirði



Haraldur R. Ingvason

## Píratar í Hafnarfirði Kosningamiðstöð Bæjarhrauni 24

### Dagskrá næstu daga:

Fim. 17. maí, kl. 20:00 - 22:00

Framboðsfundur í Gaflaraleikhúsinu ásamt fleiri framboðum

Lau. 19. maí, kl. 12:00 - 16:00

Opið hús, vöfflur og kaffi fyrir gesti og gangandi

Mán. 21. maí, kl. 20:00 - 22:00

Framboðsfundur í Gaflaraleikhúsinu ásamt fleiri framboðum

Þri. 22. maí, kl. 17:00 - 19:00

Rætt um velferðarmál, vinnuviku og húsnæðismál  
Sérstakur gestur: Björn Leví Gunnarsson, þingmaður

### Opið hús:

Fös. 18. maí, kl. 16:00 - 18:00

Mið 23. maí og fim 24. maí kl. 16:00 - 20:00

Við hellum alltaf upp á kaffi!



AÐGENGI - ÁBYRGÐ - HEIÐARLEIKI

## Það er gott að eldast í Hafnarfirði en það gæti líka verið betra

Þrátt fyrir að ég sé nýlega kominn yfir fimmtugt þá hef ég í tæpan áratug unnið að málum eldri borgara hér í Hafnarfirði, bæði í stjórn Öldungaráðs Hafnarfjarðar og síðan í stjórn Hollvinsamtaka Sólvangs. Þar hef ég unnið með góðu fólki, bæði með sterkar pólitískar skoðanir og svo „óháðum“ einstaklingum. Markmið þessa hóps hefur verið að auka við lífsgæði þeirra sem kjósa að verja síðasta æviskeiðinu í Hafnarfirði.

Bygging nýs hjúkrunarheimilis við Sólvang er ekki fjölgun hjúkrunarrýma. Þar er verið að byggja nýtt 60 íbúa heimili í stað þess gamla sem einnig er 60 íbúa. Ein af rökunum fyrir því að byggja við gamla Sólvang er samnýting á ýmsum atriðum en einnig sú stefna að gera Sólvangsréitinn að miðpunkti öldrunarþjónustu í Hafnarfirði. Við þurfum annað hjúkrunarheimili og það er til undirbúningsvinnu sem var unnin vegna hjúkrunarheimilis í Skarðshlíðinni. Í gangi eru viðræður við ríkið um fjölgun um 33 rými

sem væntanlega koma til með endurbótum á gamla Sólvangi. Í skýrslu heilbrigðisráðherra kemur svo fram að skoðaðir verði möguleikar á fjölgun hjúkrunarrýma í Hafnarfirði og Mosfellsbæ um 60 rými samtals. Þegar tekin er ákvörðun um fjöldann þá á hún ekki að vera pólitísk heldur tekin á rekstrarfræðilegum grunni.

Við þurfum svo að finna leið til að byggja nýtt hús í líkingu við Hjallabraut 33. Þar eru íbúðir í eigu íbúa og þar eru leiguíbúðir. Þar er einnig matsalur þar sem íbúar og áðrir eldri borgarar geta komið, ásamt afþreyingaaðstöðu af ýmsum toga.

Í níu mánuði ársins eru mótuneyti grunnskólana opin, í öllum hverfum bæjarins. Af hverju erum við ekki að nýta þau til að koma mat til eldri borgara út í hverfin sín. Í dag getur fólk komið á Hjallabrautina og þeir sem uppfylla skilyrði geta fengið mat sendan heim.

Höfundur skipar 13. sæti á lista Framsóknar og Óháðra í Hafnarfirði.



Guðmundur Fylkisson



# MÖGNUM MAÍTILBOÐ



**498**  
KR

**PETER LARSEN KAFFI  
& NÝBAKAÐUR  
KLEINUHRINGUR**



**498**  
KR

**PIZZA  
& COKE**

**AFGREIÐSLUTÍMAR:**

VIRKA DAGA  
**8:00 - 22:00**

LAUGARDAGA  
**8:00 - 18:00**  
SUNNUDAGA  
**10:00 - 17:00**



**198**  
KR/STK

**AMERÍSKIR HRINGIR  
BAKAÐ Á STAÐNUM.**



**149**  
KR/STK

**COCA COLA  
33 CL / ZERO / LIGHT**



**199**  
KR/STK

**BOUNTY TRIO  
85 G**



**329**  
KR/STK

**COOP SÚKKULAÐI  
64% CARAMEL  
& SJÁVARSAÐ**



**399**  
KR/STK

**KARAMELLU BAR  
5 STK.**



**199**  
KR/STK

**PRINGLES ORIGINAL 43 G**



# Píratar vilja bjóða þér að vinna minna

Stytting vinnuvikunnar er lýðheilsu- mál. Við höfum lengi verið sú þjóð sem státar sig af því að vinna, lengi og mikið.

Hverju hefur það skilað okkur? Erú afköst okkar meiri en þjóða með styttri vinnutíma? Er framleiðni okkar meiri? Erú lífsgæði okkar meiri? Svárið er nei. Þegar kemur að sam- burði við aðrar þjóðir, þá eru framleiðni og lífsgæði þjóða með styttri vinnuviku meiri en hjá okkur, vinnuglöðu þjóð- inni. Frá því að 40 stunda vinnuvika var lögfest 1972 þá hefur margt breyst í þjóðfélaginu okkar. Við getum afkastað meira á styttri tíma, unnið sífellt fleiri störf að heiman og eðli starfa okkar hafa breyst. Við finnum sífellt fleiri leiðir til að hafa í við aukinn hraða í samfélaginu. Borða hraðar, komast hraðar á milli staða til þess að sækja börn úr dagvistun eða tóm- stundum. Við vöknum í myrkri stærstan



Elín Ýr Arnar Hafðisardóttir

hluta árs, sviptum börn svefni, borðum seint, fáum okkur aukabíl til þess að ná að halda í við vinnutímann sem byrjar snemma hjá flestum. Við höfum vinnum sem eru of fjarri heimilinu og veljum tómstundir fyrir börnin sem passa inn í okkar hröðu dag- skrá. Það er með vilja gert að ég tel það upp sem á við hið átta klukkustunda vinnusam- félag, því í kringum það snýst okkar samfélag. Píratar vilja uppfæra samfélagið í takt við nútímann og ekki síst, framtíðinni þar sem við getum nýtt okkur þróunina sem hefur átt sér stað til góðs. Styttum vinnu- vikuna, seinkum upphafi skóladags og veitum fólki meiri frítíma til þess að geta, með minna striti, meiri orku og skilvirkni notið þeirra gæða sem við gætum státað okkur af.

*Höfundur er oddviti Pírata í Hafnarfirði*

# Frekari hugleiðingar um fasteignaskatta

Í grein minni sem birtist í Fjarðarfréttum þann 26. apríl sl. fjallaði ég um umtalsverða hækkun fasteignaskatta í Hafnarfirði – umfram verðbólgu – á núverandi kjörtímabili. Í þessari grein er umfjöllunarefnið samamburði á fasteignasköttum sveitarfélaga- anna á höfuðborgarsvæðinu. Í þeim samamburði kemur í ljós að við Hafnirfíringar borgum hæstu skattana.

Ef skoðaðar eru sömu eignir og í fyrri grein, þ.e. annars vegar 119 fermetra, 4 herbergja íbúð í Áslandi sem er með fasteignamat upp 40.750.000 krónur og hins vegar 172 fermetra einbýlishúsi í Setbergi sem er með fasteignamat upp á 59.450.000 krónur kemur í ljós að fasteignaskattarnir í Hafnarfirði eru 58% hærri fyrir íbúðina og 60% hærri fyrir einbýlishúsið en í Reykjavík en höfuðborgin er með lægstu skattana. Ef Hafnarfjörður er borinn saman við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu kemur í ljós að fasteignaskattarnir eru 22-46% hærri í Hafnarfirði en í hinum



Sigurbjörg Anna Guðnadóttir

bæjarfélögunum fyrir íbúðina en 20-39% hærri fyrir einbýlishúsið.

Sjálfstæðisflokkurinn auglýsir að hann sé hlynntur lágum sköttum og að núverandi meirihluti hafi lækkað fasteignaskattana í Hafnarfirði undanfarin ár. Það er alrangt. Hið rétta er að þeir hafa lækkað og þar að auki bera Hafnirfíringar hæstu skattana á höfuðborgarsvæðinu.

Í grein sem birtist í Fjarðarfréttum þann 9. maí sl. fjallaði Sigrún Sværissdóttir um kostnaðinn sem hafnirfirskir foreldrar bera af vistun barna á leikskólum og á fristundaheimilum. Sá kostnaður er umtalsvert meiri en foreldrar barna í nágrennasveitarfélögum bera af sambærilegri þjónustu.

Það er engan veginn ásætlanlegt að íbúar Hafnarfjarðar þurfi að greiða meira fyrir þjónustu bæjarins en íbúar sveitarfélaga- anna hér í kring. Það er einfaldlega ekki hægt að bjóða okkur Hafnirfíringum upp á þetta ástand.

*Höfundur er stærðfræðingur og skip- ar 8. sæti á lista Samfylkingarinnar.*

# Menningarbærinn Hafnarfjörður

Menningarstefna Hafnarfjarðar ætti að vera í sífældri endurskoðun líkt og aðrar stefnur bæjarins. Þann 9. mars 2004 var undirrituð núverandi menning- arstefna. Þar má sjá fögur fyrir- heit og góðar áætlanir. Margt þeirri stefnu er úrelt og á ekki lengur við, bæði vegna tækni- framfara og vegna breytinga sem gerðar hafa verið í stjór- kerfi bæjarins. Til dæmis hefur staða menningar- og ferðamála- fulltrúa verið aflögð og ekki er lengur þörf á því að Bókasafn Hafnarfjarðar veiti aðgang að nýjustu upplýsinga- og tölvutækni.

Þegar kemur að stefnumótun ættu íbúar að ráða för. Þess vegna vil ég að bæjarbúar fái auknið vægi í ákvarðanatöku og fram- kvæmd og geti tekið virkan þátt í að móta næstu menningarstefnu. Í fundargerðum menningar- og ferðamálanefndar snemma árs 2016 var rétt að endurskoðuð stefna yrði tilbúin í lok árs 2016 - sem virðist ekki hafa verið gert, en það þýðir einfaldlega að nú er tækifæri til að gera

enn betur og leyfa öllum sem hafa áhuga að taka þátt.

Bærinn okkar hefur oft verið kallaður menningarbær. Til að menning- arlíf blómstri í Hafnarfirði þarf kraftmikla markaðssetningu inn- an bæjar sem utan. Það þarf skýra stefnu.

Margt öflugt menningarstarf á sér stað í bænum að sjálfsgöðu, tónlistarhátíðin Heima í upphafi Bjartra daga, Jólaborpið, Rat- leikur Hafnarfjarðar og þeir við- burðir sem hafa verið í boði í Hafnarborg, Bæjarbíói og Gaflaraleikhú- sinu hafa vakið verðskuldaða athygli. En það segir sína sögu að meirihluti ferðamanna sem á hér leið um fer beint upp í rútu og til Reykjavíkur frekar en að staldra við.

Sjálfur vil ég sjá meira. Og ég er sann- færður um að flestir Hafnirfíringar vilji sjá meira og fá að velja sjálf hvers konar menning- arstarf verði lögð áhersla á. Menning- arbærinn skal rísa undir nafni.

*Höfundur skipar fjórða sæti á lista Pírata í Hafnarfirði.*



Hallur Guðmundsson

# Leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði

Í ljósi alvarlegs skorts á leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði vilja Vinstri græn í Hafnarfirði að Hafnarfjarðarbær stofni leigufélag sem ekki er rekið í hagnaðarskyni (non-profit). Leigufélagið væri húsnæðis- sjálfseignarstofnun sem sæi um byggingu íbúða sem standa almenningi til boða til leigu án tillits til efnahags eða annarra aðstæðna, gegn viðráðanlegu leigugjaldi sem miðast við af- borganir, vexti af lánunum, vaxta- kostnað, almennan rekstrar- kostnað og annars kostnaðar af íbúðinni.

Ástæða þess er það ófremdarástand sem nú er á húsnæðismarkaði. Ungt fólk á í mestu vandræðum með að flytja að heiman og eldra fólk greiðir megnið af ráðstöfunartekjum sínum í húsaleigu. Leigjendur á leigumarkaði eru að sligast undan háu leiguverði og litlu húsnæðis- öryggi.

Nú þegar kjörtímabilinu er að ljúka finnst okkur of lítið hafa gerst af hálfu

sveitarfélagsins til að bregðast við að- stæðum og mæta þörfum þessa sístækk- andi hóps. Það er í raun löngu tímabært að bregðast við.



Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir

Hugmyndir okkar byggja á evrópskri og norrænni fyrir- mynd sem eru leigufélög í eigu sveitarfélaga eða sjálfseignar- stofnana sem sveitarfélög koma að. Samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 er sveitarfélögum heimilt að stofna eða taka þátt í stofnun slíkra félaga sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og hafa það að langtíamarkmiði að byggja, kaupa, eiga og hafa umsjón með rekstri íbúða sem leigdar eru út.

Við Vinstri græn viljum að í Hafnarfirði sé gott að búa og að nægt framboð sé af húsnæði fyrir, alla unga sem aldna, á viðráðanlegu leiguverði.

Gerum betur í Hafnarfirði  
*Höfundur er oddviti VG í Hafnarfirði.*

www.fjardarfrettir.is

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

hafnirski fréttavefurinn

# Fólkið í forgang

Leikskólalátt frá 12 mánaða aldri

Stefnum að gjaldfrjálsum skólakerfi

Stóreflum heimaþjónustu við eldri borgara

Styttum vinnuvíkuna

Tryggjum framboð af fjölbreyttu húsnæði



## Hvert er bæjarstjóraefni flokkanna?

Haraldur L. Haraldsson ekki bæjarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins. Bæjarlistinn og Miðflokkurinn vilja hann.

Í Hafnarfirði hafa bæði verið pólitískir bæjarstjórar úr röðum bæjarfulltrúa en einnig ráðnir bæjarstjórar. Frá 1962-1986 voru þrjú ráðnir bæjarstjórar, Hafsteinn Baldvinsson frá 1962, Kristinn Ó. Guðmundsson rá 1966 og Einar Ingi Halldórsson frá 1979 en frá árinu 1986 til 2014 hafa verið pólitískir bæjarstjórar úr röðum bæjarfulltrúa.

Hvert er bæjarstjóraefni flokkanna í dag?. Ekki barst svar frá Pírötum

### BÆJARLISTINN

Vill ráða fagmann í stól bæjarstjóra og gjarnan bjóða Harald Líndal að starfa áfram ef samkomulag um það næst.

### FRAMSÓKN OG ÓHÁÐIR

Oddviti listans er bæjarstjóraefni en umræða um pólitískan eða ópólitískan bæjarstjóra er önnur umræða.

### MIÐFLOKKURINN

Vill halda Harald L. áfram sem bæjarstjóra og hafa rétt við hann. Önnur umræða hafi ekki verið um það mál.

### SAMFYLKING

Stillir upp oddvita sem hún treystir til verksins en hins vegar sé í samstarfi flokka samkomulagsatriði hver sest í stól bæjarstjóra og þá geti lausnin allt eins verið að leita út fyrir hópinn.

### SJÁLSTÆÐISFLOKKUR

Sjálfstæðisflokkurinn fer ekki inn í þessar kosningar með ákveðið bæjarstjóraefni. Það fer eftir úrslitum kosninganna hver verður bæjarstjóri. Um það þarf að semja fari flokkurinn í meirihluta.

### VIÐREISN

Vilja ráða ópólitískan bæjarstjóra og telja það einn af hornsteinum ábyrgðar fjármálastjórnunar að fá til starfsins vana rekstrarmanneskju.

### VINSTRI GRÆN

Telja það samkomulagsatriði við myndun meirihluta og hafa ekki markað stefnum um það, sé bæjarstjórinn ekki ráðinn sé oddviti flokksins bæjarstjóraefni hans.

*Það á að vera gott að eldast í Hafnarfirði*

*Saman munum við*

... hækka frístundastyrki í 70.000 krónur

... stórauka persónulega þjónustu þegar kemur að heimaþjónustu

... fjölga hjúkrunarrýmum og þjónustuíbúðum

*Við erum sterkari saman*

[framsokn.is/hafnarfjordur/](http://framsokn.is/hafnarfjordur/)



2. sæti  
Valdimar Víðisson



# Samgönguráðherra afskrifar Reykjanesbraut

Á kjörtímabilinu hefur Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði lagt mikla áherslu á að farið verði í úrbætur á Reykjanesbraut. Við fengum í gegn með mikilli vinnu og góðri aðstoð Jóns Gunnarssonar, alþingismanns og þáverandi samgönguráðherra að mislæg gatnamót við Krýsuvíkurveg fóru í framkvæmd sem er nú mikil samgöngubót og tryggir auknið öryggi okkar vegfarenda. Á fjárlögum fyrir árið 2018 segir: „Þá verður um 600 m.kr. varið til framkvæmda við Reykjanesbraut“.

## Ummæli ráðherrans

Í morgunþætti rásar 2 á RÚV. þann 6. maí sl. kom fram hjá Sigurði Inga Jóhannssyni, samgönguráðherra að ekki verði farið í að tvöfalda Reykjanesbrautina frá kirkjugarði að Krýsuvíkurvegi. Bar hann fyrir sig að ljúka þyrfti skipulagi og hönnun, að ekki væri rétti tími árs til að byrja á verkinu, að allar 600 milljónirnar

sem eru á fjárlögum færu í úrbætur við hringtorgin(?), að ekki síður þyrfti að klára tvöföldun brautarinnar sunnan



Ó. Ingi Tómasson

Krýsuvíkurvegar og mörg önnur verk í samgöngumálum væru ekki síður aðkallandi.

## Samþykkt fjárlaga standi

Við Hafnirfirðingar krefjumst að framkvæmdavaldið standi við samþykkt Alþingis. Að loknum framkvæmdum við Kaplakrika standa eftir um 500 milljónir af fjárveitingu Alþingis. Skipulag á tvöföldun

Reykjanesbrautar hefur legið fyrir í nokkur ár, samkvæmt mínum upplýsingum þarf ekki langan aðdraganda til að bjóða verkið út. Alþingi samþykkti 4000 milljóna auka fjárveitingu í vegakerfið. Auðvelt væri að bjóða verkið út og bæta 300 milljónum við þær 500 sem eftir standa og hefja framkvæmdir í haust og ljúka á næsta ári með viðbótarfjármagni. Við krefjumst svara um hvað verði um þessar 500 milljónir sem ætlaðar eru í Reykjanesbraut samkvæmt löggjafanum. Þolinmæði Hafnirfirðinga á ástandinu á Reykjanesbraut er löngu þrotin.

*Höfundur er bæjarfulltrúi og á 2. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins.*

# Hellisgerði er perla Hafnarfjarðar

Skipulögð gróðursetning hófst í Hellisgerði vorið 1923 og því verður bæjarperla okkar Hafnirfirðinga 100 ára eftir aðeins örfá ár. Hellisgerði skipar stóran sess í hugum bæjarbúa enda er garðurinn einstakur og hefur verið hluti af bæjarmynd okkar lengur en elstu menn muna.

Að því tilefni var skipaður starfshópur til að gera verkefna og umbótaáætlun fyrir garðinn þannig að á 100 ára afmæli garðsins verði hann til sóma fyrir alla Hafnirfirðinga. Okkur sem falið var að sitja í starfshópnum var strax ljóst mikilvægi þess að horfa til sögu garðsins og tryggja til framtíðar að hann þjóni upphaflegu hlutverki sínu, sem er að vera „skemmtistaður þar sem bæjarbúar eiga þess kost að njóta ánægju og hvíldar“ svo vitnað sé í Magnamenn. Og enn fremur að „Vekja áhuga bæjarbúa á blóma og trjárækt og geyma óraskaðar minjar um hið sérkennilega bæjarstæði Hafnarfjarðar“.

Í starfshópnum voru skipuð auk okkar, Þórunn Blöndal og fyrir Hafnarfjarðarbæjar Berglind Guðmundsdóttir, landslagsarkitekt og Ingibjörg Sigurðardóttir, garðyrkjustjóri Hafnarfjarðar.

Starfshópurinn sendi frá sér áfangaskýrslu með tillögum til Umhverfis- og framkvæmdaráðs þar sem lögð er áhersla á að sett verði í gang á þessu ári vinna við

skipulag garðsins, mat á þörf fyrir þjónustuhús með skilgreindu hlutverki, ástandsmat og verðmat á gróðri, hleðslum



Helga Ingólfssdóttir



Sverrir Jörstad Sverrisson

og göngustígum og enn fremur að Hellisgerði verði skilgreint sem safn og geti þannig gengt menningar- og fræðsluhlutverki sínu til framtíðar.

Ljóst er að þegar farið er í vinnu sem skiptir eins miklu máli og framtíðarskipulag Hellisgerðis þá skiptir öllu máli að vandað sé til verka. Enda er hér um að ræða stolt bæjarbúa sem hefur verið okkur til yndisauka og búið til fjölda góðra minninga í hugum hvers og eins Hafnirfirðings sem hefur orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að heimsækja garðinn og eiga þar stundir.

*Helga er bæjarfulltrúi og formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs. Sverrir er varamaður í ráðinu.*

## FJÖLSKYLDUDAGUR MIÐFLOKKSINS Í HAFNARFIRÐI Á MÁNUDAGINN ANNAN Í HVÍTASUNNU



**Blásið er til fagnaðar með öllum velunnurum Miðflokksins í Hafnarfirði mánudaginn 21. maí í kosningamiðstöð flokksins Hjallahrauni 9 milli kl. 13-16.**


Íslenski hesturinn í forgrunni, teymt undir börnum milli kl. 14 og 15, grill, gos, glens og gaman.

Kosningamiðstöðin er opin á hverjum degi fram að kosningum, virka daga 16:30-18:30 og um helgar frá 14-16.


Opið á kjördag 26. maí, allan daginn.

Fjölmennum og tókum með okkur gesti.

**X-M fyrir þig X-M fyrir Hafnarfjörð**



1. sæti, Sigurður Þ. Ragnarsson



2. sæti, Bjarney Grendal Jóhannesdóttir



# Arnar trommari gaf eina milljón kr.

Hélt tónleika í stað afmælisveislu og gaf afraksturinn til Fjölgreinadeildar og Músikur og mótors

Arnar Gíslason trommari hélt upp á 40 ára afmæli sitt á dögunum með tónleikaskemmtun í Bæjarbíó í stað hefðbundinnar afmælisveislu.

Þar bjó hann til afar skemmtilega tónlistarhátíð með flestum þeim hljómsveitum sem hann hefur spilað með. Hét hann því að það sem kæmi í kassann færi í gott málefni tengt ungu fólki í Hafnarfirði.

Sl. föstudag kom Arnar færandi hendi og afhenti Fjölgreinadeild Lækjarskóla og félagsmiðstöðinni Músík og mótór eina milljón króna í tónlistartengd verkefni og tækjakaup.

Arnar þekkir vel vandann að vera í unglingshljómsveit í aðstöðu- og tækjavanda og ánaðnaði því Músík og mótór hálfri milljón í tækjakaup fyrir unglingshljómsveitir og hálfri milljón skal varið í verkefni sem tengjast tónlist í Fjölgreinadeildinni en þar kenndi hann krökkum að tromma um árið og veit vel hvaða gildi tónlist hefur fyrir ungt fólk.



Birgir Þór Halldórsson, Kristín María Indriðadóttir og Arnar Gíslason við afhendingu styrksins.

Kristín María Indriðadóttir og Birgir Þór Halldórsson tóku á móti styrknum úr hendi Adda sem þakkaði þeim stóra hópi tónlistarmanna sem kom fram með honum á tónleikunum fyrir sitt framlag.

# Konur úr hlaupahópum FH og Hauka hlupu 88 km á heimsmeistaramóti

Gríðarlega erfitt hlaup og 63 af 331 sem hófu keppni urðu að hætta

Heimsmeistaramót í utanvegahlaupum var haldið á Spáni sl. laugardag og voru átta íslenskir keppendur á meðal þeirra 331 sem hófu keppni.

Keppt er í fjallendi með samtals um 5.000 m hækkun en vegalengdin var 88,1 km.

Þær Hildur Aðalsteinsdóttir (31) úr Skokkhópi Hauka og Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir (53) úr Hlaupahópi FH luku þessu erfiða hlaupi.



Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir kemur ánægð en þreytt í mark. Hildur Aðalsteinsdóttir kom á miklum endaspretti í mark.

Kom Þórdís í mark á 14:20,47 klst. í 148. sæti og 95. sæti kvenna.

Hildur kom í mark á 14:59,28 klst. í 263. sæti og 104. sæti kvenna en hún rétt slapp fyrir tímamörkin með góðum endaspretti.

Liðs stjóri íslenska hópsins var Hafnafirðingurinn Friðleifur Friðleifsson, einn af þjálfurum Hlaupahóps FH, með mikla reynslu af langhlaupum.

Sigurvegari var Luis Alberto Hernando frá Spáni á 8:38,35 klst. sem er ótrúlegur tíma í svona erfiðu hlaupi.



Hafnafirðingurinn Friðleifur Friðleifsson, þjálfari Hlaupahóps FH var liðs stjóri Íslenska hópsins.

## MARGIR ÞURFTU AÐ HÆTTA

63 keppendur urðu að hætta keppni en fyrstur Íslendinga var Sigurjón Emir Sturluson á 11:23,34 klst. í 121. sæti, 2. varð Daníel Reynisson á 12:42,05 klst. í 190. sæti, Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir varð 3. á 13:29,55 klst. og í 230. sæti, Guðni Páll Pálsson 4. á 14:10,38 klst., Þórdís Jóna 5. og Hildur 6. Sigríður Einarsdóttir náði ekki 15 tíma mörkunum og Elísabet Margeirsdóttir varð að hætta vegna astmakasts eftir mjög góða frammistöðu.



Íslenski hlaupahópurinn með stuðningsliði við setningu mótsins.



# Velliðan nemenda og starfsmanna

Það að nemendum og starfsmönnum líði vel á vinnustað skiptir öllu máli fyrir farsælt skólastarf. Ef nemendum líður ekki vel verður námið erfiðara, félagsleg tengsl verða viðkvæmari og skólaleiði eykst. Ef mikið álag er á starfsmönnum veldur það vanlíðan í starfi og í versta falli kulnun sem er vaxandi vandamál meðal starfsmanna skóla. Framsókn og óháðir ætla að fara í markvissar aðgerðir í leik- og grunnskólum og ég hvet Hafnirföng til að kynna sér helstu áherslur framboðsins með því að lesa stefnuskrá og/eda mæta í kaffi á kosningaskrifstofunni Strandgötu 75.

## Matráður

Í mötuneyti starfsmanna í grunnskóla er mikilvægt að það sé matráður sem hefur til morgunhressingu, sér um hádegismat og sinnir almennum störfum á kaffistofu starfsmanna. Það er áreiti í daglegu starfi innan grunnskólans og því réttlætismál að starfsmenn geti sest niður í rólegra umhverfi og gengið að því vísu að hafa aðgengi að morgunhressingu og

mat í hádeginu á kaffistofunni. Framsókn og óháðir ætla að sjá til þess að það verði sett fjármagn í að ráða starfsmann í mötuneyti starfsmanna.

## Þrif

Í dag er tíðni þrifa í almennum skólastofum þrjár í viku. Einu sinni í viku er skúrað og þurkað af innanstokksmunum. Það er mikil umgengi um stofur og því skiptir miklu máli að þær séu vel þrifar. Þegar vinnuáðstæður nemenda og starfsmanna eru ekki þrifar oftast en þrjár í viku þá hefur það áhrif á líðan. Við í Framsókn og óháðum ætlum að sjá til þess að tíðni þrifa í skólum verði endurskoðuð. Það er afar mikilvægt að stofur og svæði sem nemendur nota séu þrifar einu sinni á dag.

Matráður og þrif eru dæmi um þætti sem hafa áhrif á líðan. Framsókn og óháðir ætla að vinna markvisst að því að auka velliðan nemenda og starfsmanna.

*Höfundur er skólastjóri*


*Öldutúnskóla og skipar 2. sætið á lista Framsóknar og óháðra.*



Valdimar Víðisson

# Að gera gott betra

Hafnarfjörður getur verið stoltur af ótalmörgu. Hér þrífst fjölbreytt atvinnulíf og fólkið sem gerir bæjarlífið að þeim einstaka stað sem Hafnarfjörður er enn fjölbreyttara. En það sem við Hafnirföng getum verið hvað stoltust af er okkar magnaði árangur í lýðheilsu- málum. Árangur þekktari íþróttafélaganna hér í bænum þarf ekki að kynna þar sem Fimleikafélag Hafnarfjarðar og Haukarnir hafa verið þar fremstir í röð undanfarna áratugi. En í Hafnarfirði eru fleiri félög sem eru í fremstu röð í sínum greinum. Hestamannafélagið Sörla er fremst meðal jafningja í sinni íþrótt, Brettafélag Hafnarfjarðar vex með hverjum deginum og sópar að sér verðlaunum í sínum greinum, Sundfélag Hafnarfjarðar, Golfklúbburinn Keilir, listinn er einfaldlega of langur til að nefna hér.



Jónas Henning

En hvað eiga öll þessi framúrskarandi félög sameiginlegt fyrir utan Hafnarfjörð? Jú þau eru öll búin að spengja alla skala hvað aðstöðu og húsnæði varðar. Nýtt húsnæði fyrir Sörla hefur setið á hakanum of lengi, gamla slökkvistöðin okkar rýmur ekki lengur þá rúmlega 330 iökendur Brettafélagsins, Haukarnir hafa ekki enn aðstöðu til að bjóða knattspyrnudeildinni sinni allan ársins hring, FH geta ekki lengur komið öllum fyrir hjá sér vegna plássleysis. Allstaðar eru viðvörunarljósin farin að kvikna í þessu ómetanlega starfi sem börnin okkar stunda á hverjum degi.

Heilsuþæring Hafnarfjörður? Aðeins ef við brettum upp ermar og gerum góðan bæ og gott starf betra til framtíðar.

*Höfundur skipar 3. sæti á lista Miðflokksins.*

# Hægjum á okkur í heilsuþæningum

Hvert erum við að flýta okkur? Flestar vegalengdir í Hafnarfirði eru 3 kílómetra eða minna. Meðal gönguhraði er 4 kílómetri á klukkustund. Rannsóknir sýna að 30 mínúta ganga á dag dregur úr og minnkr líkur á lífsstílls- sjúkdómum sem eru ógn við heilsu okkar og kostar heilbrigðiskerfið mikið fé. Þær sýna að hreyfing dregur úr þunglyndi og kvíða auk þess að hafa góð áhrif á líkamalega heilsu. Hreyfing eykur velliðan og stuðlar þannig að meiri hamingju okkar. Er ekki allt til þess að vinna að auka þessa þætti? Flest okkar eru svo heppin að geta hreyft sig. Það gerum við einfaldlega með því að reima á okkur skóna og fara út að ganga. Það er æðisleg tilfinning að fara út fyrir þægindaramman og sigrast á hindrunum. Ég hvet alla sem það geta að setja sér það markmið, að ef vegalengdin er minna en einn kílómetri að skilja þá



Jóhanna Marín Jónsdóttir

bílinn eftir heima og ganga, t.d. á laugardagsmorgni í bakaríið. Þá sláum við margar flugur í einu höggi. Bættum heilsuna, minnkum mengun og aukum við iðandi mannlíf á götunum í bænum okkar.

Það sem er einfalt virkar yfirleitt best. Til að breyta um lífsstíl og bæta heilsuna er oft best að taka lítil skref í einu og gera þau að venju. Ég get fullt þá að setja daglega göngu inn í lífsstíllinn skilar sér margfalt til baka og yfirleitt er ekkert að veðrinu þegar við erum komin út í viðeigandi fatnað. Að heyrja í fuglum og finna ilminn af trjánum eftir rigningaskúr og sýna sig og sjá aðra eru þættir sem auka velliðan og hamingju.

Hugsid þykkur hvað verður gaman á götum bæjarins þegar þær munu iða af mannlífi.

*Höfundur skipar 13. sæti á lista VG í Hafnarfirði*

# Dýravelferð

„Piratar telja að allir hafi rétt til að koma að ákvarðanatöku um málefni sem varða þá.“ Þetta segir í grunnstefnu flokksins og er ein af ástæðum þess að Piratar í Hafnarfirði hafa mótað greinargóða stefnu í dýravelferðarmálum.

Piratar í Hafnarfirði telja að Hafnarfjarðarbær ætti, í samráði við hundaeigendur að opna langþráð hundagerði í bænum og viðhalda þeim hundasvæðum sem eru til nú þegar. Við teljum að hundagerði þurfi að innihalda leiktæki og aðra afþreyingu ásamt góðri lýsingu en fyrst og fremst ætti hundagerði að uppfylla lágmarksstaerð og öryggiskröfur. Bærinn innheimtir hundagjöld, en ekki er ljóst hvert þau renna. Auka þarf gegnsei varðandi gjaldtöku af þessu tagi og ljóst þarf að vera hvaða þjónusta kemur á móti.

Piratar í Hafnarfirði vilja að Hafnarfjarðarbær komi að rekstri dýraathvarfs með sólarhrings vakt í samvinnu við hagsmunaaðila og nágrannasveitarfélög.

Við styðjum það góða samstarf sem félagsamtök um dýravelferð hafa átt við Hafnarfjarðarbær og viljum halda því samstarfi áfram. Hafnarfjarðarbær hefur til dæmis átt samstarf við samtökin Villiketti, við viljum efla slíkt samstarf og vinna að því að bæta líf útgangs- og villidýra en þar hefur TNR (trap, neuter, release) reynst vel til að stemma stígu við fjölgun villidýra og er í senn mannúðleg.

Piratar í Hafnarfirði vilja að meindýravarnir og dýravelferðarstarf verði endurskoðað með tilliti til dýraverndunarlagar og við viljum að Hafnarfjarðarbær setji sér stefnu í dýravelferðarmálum með það að markmiði að varðveita fjölbreytileika dýralífs í Hafnarfirði.

Þetta viljum við framkvæma með aðkomu allra þeirra sem telja sig málið varða.

*Höfundur skipar 3. sæti á lista Pírata.*



Hildur Björg Vilhjálmsdóttir

# Tveir kappræðufundir í leikhúsi

Opnir kosningafundir í Gaflaraleikhúsinu í kvöld kl. 20 og á mánudaginn

Boðið er til opinna kosningafunda vegna bæjarstjórnarkosninga í Hafnarfirði í dag fimmtudag kl. 20 og mánudaginn kl. 20 í Gaflaraleikhúsinu við Víkingastræti.

Alls eru átta listar sem bjóða fram í Hafnarfirði að þessu sinni og má búast við fjölegum umræðum um þau mál sem brenna á Hafnirföngum.

Á fyrri fundinum verður fjallað um skólamálin, velferðina, tólmstundir og menningu og á þeim seinni um lýðræði, framkvæmdir, skipulag og fjármála- stefnu bæjarins. Listarnir verða með stutta framsögu og síðan taka þeir við spurningum úr sal.

Fundinum verður streymt beint á netsamfélag.is og fjardarfrettir.is







# AÐGENGI – ÁBYRGÐ – HEIÐARLEIKI



## Frá glæsilegu kóramóti kóra eldri borgara



Gaflararkórinn



Fimm kórar eldri borgara hafa hist árlega í um aldarfjórðung, Gaflararkórinn, Hljómur, Hörpukórinn, Eldey og Vorboðar á tónleikum. Nú í Langholtskirkju þar sem kórarinir sungu gulfallega skemmtileg og áhugaverð lög.

Ljóm.: Guðni Gíslason

Ljóm.: Guðni Gíslason

## VIÐREISN X-©

# BÖRNIN Í forgang



1. SÆTI

Jón Ingi Hákonarson



2. SÆTI

Vaka Ágústsdóttir



3. SÆTI

Pröstur Emilsson



# Málefni leikskólans

Nú í undanfara kosninga keppast framboð við að lofa inntöku yngri barna í leikskóla. Við teljum það vera jákvætt og leikskólanum í hag að stjórn málaöfl sé áhugasöm um leikskólann og að vilji sé til að auka framboð á leikskóla-plássum. Þar sem við brennum fyrir málefnum leikskólans viljum við leggja okkar á vogarskálarnar til þess að málið gufi ekki upp að kosningum loknum.

Flest okkar sem höfum starfað í leikskólum vitum að það getur verið álag á starfsfólki dagsdaglega. Margir leik-

skólar glíma við eða hafa glímt við starfsmannaveltu sem ein og sér getur valdið álagi og streitu hjá börnum og starfsfólki.



Sigríður Ólafsdóttir



Svava Björg Mörk



Sverrir Jörstad Sverrisson

## Samstarf

Ef vilji er til að breyta og efla starfsaðstæður í leikskólum er mikilvægt að byggja upp samstarf og samtal við fagfólkið sem á hverjum degi mætir til

# Hættum þessu togi - Vinnum saman

Sveitarstjórnarmál hafa ávallt verið mikilvæg en þýðing þeirra hefur líklega aldrei verið jafnmikil og nú. Fleiri verkefni og viðtækari eru nú á ábyrgð sveitarfélaga. Grunnskólar, málefni fatlaðra, sorpfrankvæmdir, húsnæðismál, skipulag og samgöngur svo fátt eitt sé nefnt. Ákvarðanir sem snerta hið daglega líf bæjarbúa þarf að vanda og fulltrúar í sveitarstjórnun verða að vera meðvitaðir um þá miklu ábyrgð sem fylgir starfinu. Starfi sem getur verið gefandi og krefjandi í senn. Líkt og í landsmálum.

Átök í stjórn málu munu eflaust ávallt vera til staðar enda hugsjónir sem takast á og sýn stjórnmalaflokka um markmið og leiðir ólíkar. Átakastjórnmal eru hins vegar ekki knýjandi nauðsyn, alltaf og alls staðar. Í raun má leiða líkum að hinu

gagnstæða. Sér í lagi á sveitarstjórnarstiginu. Verkefni morgundagsins fyrir Hafnirföngum krefjast þess að fólk vinni betur saman, ekki sist þegar litið er til sögunnar.

Sjálfr hef ég upplifað eitt og annað í pólitík innan Hafnarfjarðar og heyrð talað um helvítis kratana eða andskotans íhaldið. Þegar kratar stjórnun bænnum var litið samstarf haft við minnihlutann nema rétt á yfirborðinu og það var gagnkvæmt þegar Sjálfstæðisflokkurinn var við völd. Meirihlutaræðið var algert, hver sem átti í hlut. Kannski var þetta skiljanlegt þá en í nútímasamfélagi er svona togstreita í besta falli broslög fyrir bæjarbúa, í versta falli skaðleg.

Hættan við þessi endalaus átök, oft vegna þvergröðingsháttar, er sú að þau geta seinkað mikilvægum ákvörðunum

vinnu í leikskólann. Sjónarmið þeirra sem eru í eldlinunni er ómetanlegt. Því leggjum við áherslu á að allar ákvarðanir og stefnumótun á leikskólastiginu séu gerðar í samráði við þá sem þekkja vandann og finna fyrir honum daglega í starfi sínu.

## Samfylkingin

Á lista Samfylkingarinnar fyrir bæjarstjórnarkosningar nú í vor erum við þrjú leikskólastjórnendur sem höfum mikla reynslu og þekkingu á þessu fyrsta menntastigi barnanna okkar. Við erum tilbúin að berjast fyrir raunverulegum úrbótum í leikskólamálu. Við ætlum að gera leikskólann að eftirsóttum starfsvettvangi. Starfsfólk leikskólans, við ætlum að hlusta á ykkur og gera þetta með ykkur.

*Höfundar eru stjórnendur í leikskólum og á lista Samfylkingarinnar fyrir næstu bæjarstjórnarkosningar.*

# Hægt að sækja um í Vinnuskólann til 21. maí

Umsóknarfrestur fyrir unglinga fædda 2002-2004 um sumarstarf í Vinnuskóla Hafnarfjarðar hefur verið framlengdur til 21. maí.

Umsækjendur sækja um rafrænt á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is), undir vinnuskóli.

Vinna hefst 11. júní nk.

# Utankjörstaða- atkvæða- greiðsla

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna sveitarstjórnarkosninganna 26. maí er í Smáralind á 2. hæð vesturenda. Þar verður opið alla daga kl. 10-22.

Opið verður á kjördag kl. 10-17 fyrir kjósendur sem eru á kjörskrá utan höfuðborgarsvæðisins. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu getur eingöngu sent atkvæðisbréf kjósenda sem ekki er með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu með pósti í sveitarstjórnarkosningum. Sýslumaður hvetur þá kjósendur sem eru ákjörskrá utan höfuðborgarsvæðisins að koma í fyrra lagi að kjósa ef þeir ætla að kjósa utan kjörfundar hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. fyrir hvítasunnu. Kjósandi getur sjálfur komið eða látið koma atkvæði sínu til yfirkjörstjórnar í sínu kjördæmi.

Kjósendur sem eru með lögheimili í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu geta komið hvenær sem er að kjósa utan kjörfundar fram að kjördegi. Atkvæði þeirra fara í kjörkassa viðkomandi sveitarfélags.

## KOSIÐ Á HJÚKRUNAR- HEIMILUM 18. MAÍ

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar, dvalar- og hjúkrunarheimilum verður á eftirfarandi tímum:

**Sólvangur**, Hafnarfirði, föstudaginn 18. maí, kl. 14.30-16.00.

**Hrafnista** Hafnarfirði, föstudaginn 18. maí, kl. 13.30-17.30.

# Aðeins þrjú á fundi bæjarráðs

Bæjarráð kom til aukafundar á þriðjudag til að samþykka kjörskrá þar sem fram kom að 20.786 eru á kjörskrá í Hafnarfirði.

Það vakti athygli að aðeins 3 af 5 mættu á fundinn en á hann hefðu getað mætt 2. varanfulltrúi Bjartar framfjórðar og varamaður Samfylkingarinnar.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

# Gagnrýna skerðingu bílastæða við lífsgæðasetur

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala gagnrýna breytingu á skipulagi

Stjórn Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala gerðu alvarlega athugasemd við breytingu á skipulagi lóða St. Jósefsspítala og Kató, Suðurgötu 41 og 44. Snýr hún að verulegri fækkun bílastæða í kringum fyrirhugað lífsgæðasetur sem St. Jósefsspítali á að hýsa. Hollvinasamtökin hafa áður gert athugasemdir við þetta sama mál í bréfi til starfsnefndar St. Jósefsspítala 12.7.2017

Þegar sjúkráhusið var starfandi var þörf fyrir öll þau bílastæði sem voru á sameiginlegri lóð sjúkráhusins við Suðurgötu 41 og 44. Stóð þá til að fjölga þeim bílastæðum sem fyrir voru og var eitt hús við Suðurgötu sérstaklega flutt í þeim tilgangi.

Í tilkynningu frá Hollvinasamtökunum segir að samkvæmt nýju skipulagi, sem fyrst var breytt í árslok 2010, sé gert ráð fyrir mikilli skerðingu bílastæða, einungis 7 bílastæði verði Suðurgötumegin þar sem aðalinngangur verður í Lífsgæðasetrið og Kapellu þess. Þá segir í tilkynningunni að þetta myndi skerða mjög aðgengi að húsinu

og samrýmist engan veginn hugmyndunum um lífsgæðasetur sem vel gæti orðið umfangsmikið.

Stjórn Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala hvetur því bæjaryfirvöld til þess að endurskoða þessi mál og sjá til þess að aðgengi að húsinu verði starfsemi ekki fjötur um fót.





# Velkomin á Vellina

**Vorhátíð Hraunvallaskóla og Skarðshlíðarskóla**  
verður haldin **Laugardaginn 19 maí**  
Dagskrá á sviði er **kl 14:00 - 16:00**

## FRAM KOMA:

Ingó Veðurguð, GKR, Pitz Perfect frá Flensborgarskóla, Trúðurinn Singó, Einar Mikael,  
Kór Ástjarnarkirkju, Arnar Már, Dansatriði frá Hraunvallaskóla og Ástjarnarkirkju,  
Rakel Saga & Saga Rún sigurvegarar söngkeppni Mosans taka lagið.

- ANDLITSMÁLUN, HOPPUKASTALI OG PYLSUSALA VERÐUR Á SVÆÐINU -

## FJÖLBREYTT DAGSKRÁ UTAN SVIÐS BYRJAR KL 12 - 14

- Siglingaklúbburinn Þytur verður með kajaka á Hvaleyravatni til að sýna gestum
- Slökkviliðið kemur með slökkvibíl til sýnis á planið við Hraunvallaskóla
- Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar verður með kastkennslu og kynningu á Hvaleyravatni
- Flugmóðelfélagið Þytur sýnir flugmódel á Hvaleyravatni
- Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar verður á staðnum með bíla til sýnis við Hraunvallaskóla
- Ásvallalaug verður með frítt í sund fyrir hádegi
- Og frítt gos fylgir með fjölskyldutilboðum á Ban Kúnn



Stálinaust

TÆKI.IS  
Hafnarholti 11 201 Hafnarfjarður 1106 2004



RioTinto

# Húsvörður óskast

Húsfélagið Herjólfsgötu 36-40 auglýsir stöðu húsvörðar /umsjónarmanns lausa til umsóknar.

Um er að ræða hlutastarf sem hentar vel iðnarmanni sem er að minnka við sig vinnu.

Starfshlutfall og vinnutími eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir:


Gunnhildur Sigurðardóttir formaður,  
sími 898 5892, netfang: gunnhildursig@simnet.is

## Thorsplan allt árið

Eins og svo mörgum Hafnirföngum finnst okkur fátt skemmtilegra en að labba um Hafnarfjörð á góðviðrisdegi. Hvort sem það er með is í hönd á heitum sumardegum eða kakóbolla á fallægum vetrardegi. Við viljum efla miðbæjarstemninguna svo við getum jafnt verið að „slagga“ á Strandgötunni og „njódda“ á Thorsplani. Með tiltölulega einföldum og ódýrum hætti er hægt að blása lífi í þetta dýmæta svæði okkar.

„Thorsplan allt árið“ felur í sér að Thorsplanið sé eftirsóknarvert og lifandi allt árið, ekki bara á hátíðisdögum og á aðventunni. Við sjáum fyrir okkur að á sumrin væri hægt að setja skeljasand á planið, bekki og borð þar sem fólk á öllum aldri kæmi saman og nyti alls þess sem miðbær Hafnarfjarðar býður uppá. Á haustin væri hægt að setja upp bændamarkað, þar sem hægt væri að kaupa allskyns afurðir. Og á

veturna yrði útbúið skautasvell líkt og eldri Hafnirföngar þekkja frá tjörninni.



Daði  
Lárússon

Vaka  
Ágústsdóttir

Við í Viðreisn viljum auka lífsgæði fólks og á sama tíma draga fjölskyldur og vini, nágretta og félagi, að hjarta bæjarins. „Thorsplan allt árið“ væri leið til að gefa Hafnirföngum öllum færi á að njóta og skemmta sér saman og um leið efla verslun og þjónustu á svæðinu.

Vaka skipar 2. sætið á lista Viðreisnar í Hafnarfirði og Daði skipar 11. sætið.

## VINNUSKÓLI HAFNARFJARÐAR

Umsóknarrestur fyrir unglinga fædda 2002-2004 um sumarstarf í Vinnuskóla Hafnarfjarðar hefur verið framlengdur til 21. maí.

Umsækjendur sækja um rafrænt á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is), undir vinnuskóli.

Vinna hefst 11. júní og hvetjum við alla áhugasama til þess að sækja um.



# Seltún – náttúruperla í hættu

Seltún í Krýsuvík er náttúruperla og vinsæll ferðamannastaður í túnfætinum á höfuðborgarsvæðinu og Keflavíkurflugvelli. Hafnarfjarðarbær eignaðist Krýsuvíkurbæjarinn um miðbik síðustu aldar og við stofnun Reykjanesfólkvangs varð jörðin hluti af fólkvanginum. Árið 2016 komu 250 þúsund ferðamenn í Seltún og gera má ráð fyrir að þeir verði um 300 þúsund 2018. Samkvæmt skýrslu Umhverfisstofnunar um ástand friðlýstra



Davíð Arnar  
Stefánsson

svæða 2017 er fólkvangurinn á rauðum lista stofnunarinnar vegna vaxandi fjölda ferðafólks sem hefur framkallað auknið álag á helstu viðkomustaði, þar með talið Seltún.

Bregðast þarf við landhnignuninni í Seltúni með tafarlausum verndaraðgerðum og innviðum fyrir ferðafólk. Þær framkvæmdir sem þegar hefur verið ráðist í hafa ekki skilað tilætluðum árangri. Móta þar framtíðarsýn fyrir staðinn sem felur endurskoðun á fyrri framkvæmdum og tillögum að nýjum. Þær gætu falið í sér að flytja bílastæðin svo þau spilli ekki sjónrænni feegurð staðarins; forsendu-

greiningu fyrir þjónustu við ferðafólk í samræmi við gestafjöldann; merkingar til að koma á framfæri hvatningu til gesta að halda sig á göngustígum; endurgerð göngustíga og skýrari afmörkun þeirra til að stýra umferð um svæðið betur en nú er; og aukinni landvörslu en nú er aðeins einn landvörður starfandi í fólkvanginum 6 mánuði á ári.

Gera má ráð fyrir að enduruppbyggingu í Seltúni sé kostnaðarsöm en orðspor sveitarfélagsins og ein af undirstöðum ferðaðþjónustunnar er í húfi. Því þarf að að kanna rekstrarforsendur og möguleika á hóflegri gjaldtöku til að standa undir framkvæmdum og rekstri, svo sem bílastæðagjaldi, klósettgjaldi, sölu á varningi og veitingum. Raunverulega er kominn tími til að kanna byggingu á gestastofu á staðnum sem þjónað gæti Seltúni og Reykjanesfólkvangi.

Hvernig sem á það er lítið er náttúruperlan í Seltúni í hættu og það er okkar Hafnirfjörðingur að vernda hana.

Höfundur er í 6. sæti á lista VG í Hafnarfirði

## Hafnarfjörður á að vera í fremstu röð

Það hefur verið sorglegt að fylgiast með þeim persónulegu átökum og þeim glundroða sem einkennt hafa störf meirihluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar undir forystu Sjálfstæðisflokksins á síðustu vikum og mánuðum. Þetta er ekki sú mynd sem bæjarbúar vilja að birtist af bænnum þeirra og þeir eiga betra skilið.

**Stóraukum framboð á húsnæði á viðráðanlegum kjörum**

Hafnarfjörður rekur lestina á meðal bæjarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi fjölda íbúða í byggingu. Þessu ætlar Samfylkingin að breyta. Við ætlum að tryggja nægt framboð af lóðum og bjóða upp á fjölbreytta valkosti á húsnæðismarkaði. Einnig viljum við byggja upp öruggan leigumarkað og taka höndum saman við félög sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni um uppbyggingu á stúdentaíbúðum, íbúðum fyrir aldrada og teklulágar fjölskyldur og einstaklinga.

**Stórsókn í leikskólamállum**

Í kjölfar eins lengsta og mesta hagvaxtarскеiðs landsins er staðan sú að þörf er á stóratáki í leikskólamállum í Hafnarfirði. Leikskólum og ungbarnaleikskólum hefur verið lokað án þess að boðið hafi verið upp á ný úrræði í staðinn. Við í Samfylkingunni viljum byggja fleiri leikskóla, ungbarnaeildir og ungbarnaleik-

skóla samhliða því að fara í átak til að fjölga leikskólakennurum. Við teljum að mikilvægasta verkefnið sé að hefja nú þegar byggingu leikskóla í Suðurbæ.

**Virkjum lýðræði á ný**

Íbúalýðræði hefur ekki átt upp á pallborðið hjá núverandi meirihluta. Átök og pólitískar barbabrellur Sjálfstæðisflokksins í tengslum við forgangsörðun framkvæmda sýna fram á þetta. Við í Samfylkingunni leggjum

áherslu á lýðræðislega þátttöku bæjarbúa og auknið aðgengi fólks að ákvarðanatöku þannig að ákvarðanir um forgangsörðun framkvæmda séu teknar í samráði og sátt við bæði íbúa og hagsmunaaðila.

**Festa og ábyrgð einkenni störf bæjarstjórnar á ný**

Karp bæjarstjórnar um kjörgengi og brottvikningar varabæjarfulltrúa úr nefndum og ráðum kemur í veg fyrir að hún geti einbeitt sér að málum sem skipta almennig raunverulegu máli. Festa og ábyrgð verða að einkenna störf bæjarstjórnar á nýjan leik til að svo megi verða. Forsenda þess að það gangi eftir, og að Hafnarfjörður komist aftur í fremstu röð, er að Samfylkingin fái góða kosningu í bæjarstjórnarkosningunum 26. maí nk.

Höf. skipar 5. sæti á lista Samfylkingarinnar



Árni Rúnar  
Þorvaldsson



# Á DÖFINNI

## Kosningafundir

Opnir kosningafundir vegna bæjarstjórnarkosninga í Hafnarfirði verða í kvöld, fimmtudag, kl. 20 og á mánudaginn kl. 20. Fundirnir verða í Gaflaraleikhúsinu við Víkingastræti og í beinni útsendingu á netsamfelag.is og fjardarfrettir.is

## Félagsfundur

Sálarrannsóknarfélagið í Hafnarfirði verður með félagsfund í kvöld, fimmtudag kl. 20 í Safnaðarheimilinu Frikirkjunnar. Þetta er skyggnilýsingarfundur með Þórhalli Guðmundssyni miðli. Lokafundur á þessu vetrarstarfi. Húsið opnað kl. 19:30.

## Hafnarborg

Í aðalsal safnsins er sýningin **Margoft við sjáum og margoft við sjáum aftur**, með verkum Jóhönnu Kristbjargar Sigurðardóttur. Í Sværrissal er sýningin **Afstæði** þar sem sjá má ný málverk eftir Jón Axel Björnsson.

Sendið tilkynningar um viðburði á [fjardarfrettir@fjardarfrettir.is](mailto:fjardarfrettir@fjardarfrettir.is)

Íslandsmeistarar kvenna með hálsmen sem hafnifirski skartgripa verslunin *Sign* gaf hverri og einni.

# Körfuknattleiksfolk Hauka uppskar vel

Lokahóf Körfuknattleiksdeildar Hauka fór fram sl. laugardag í Ólafssal að Ásvöllum í kjölfar velheppnaðs tímabils, en bæði meistaraflokkur kvenna og karla urðu deildarmeistarar á tímabilinu ásamt því að Haukar urðu Íslandsmeistarar kvenna. Framtíðin er björt hjá Haukum því þeir urðu einnig Íslandsmeistarar í drengjaflokki og komust í úrslit í stúlknaflökki og enduðu með silfur í þeim flokki.

Veitt voru verðlaun fyrir góðan árangur á tímabilinu.

Mikilvægustu leikmennirnir:

*Helena Sværrisdóttir og Emil Barja*

Bestu leikmennirnir:

*Þóra Jónsdóttir og Kári Jónsson*

Bestu varnarmenn: *Dýrfinna*

*Arnarsdóttir og Hjálmar Stefánsson*

Efnilegustu leikmennirnir: *Sigrún*

*Ólafsdóttir og Hilmar Pétursson*

Mestu framfarir:

*Sigrún Ólafsdóttir og Breki Gylfason*

Emil Barja náði 300 leikja markinu og hefur leikið flesta leiki af spilandi leikmönnum og er annar leikjahæsti leikmaður Hauka frá upphafi á eftir Jóni Arnari Ingvarssyni.

Sex leikmenn spiluðu sinn fyrsta leik fyrir meistaraflokk á síðasta tímabili og er það markmið Hauka að ala upp og halda í leikmenn sína til að byggja upp góða samhenta heild í liðunum.



# ÍÞRÓTTIR

## Handbolti:

17. maí kl. 18.30, Vestmannaeyjar  
ÍBV - FH, úrslit karla.

19. maí kl. 20, Kaplakriki  
FH - ÍBV, úrslit karla. (ef þarf)

22. maí kl. 18.30, Vestmannaeyjar  
ÍBV - FH, úrslit karla. (ef þarf)

## ÚRSLIT KARLA:

FH - ÍBV: 28-25

ÍBV - FH: 32-26

Selfoss - FH: 26-29

## Knattspyrna:

17. maí kl. 18, Kaplakriki  
FH - KA, úrvalsdeild kvenna

18. maí kl. 19.15, Akranes  
ÍA - Haukar, 1. deild karla

19. maí kl. 13, Hornarfjörður  
Sindri - Haukar, 1. deild kvenna

21. maí kl. 15, Vestmannaeyjar  
ÍBV - FH, úrvalsdeild karla

22. maí kl. 19.15, Egilshöll  
Fjölnir - Haukar, bikarkeppni kvenna

23. maí kl. 19.15, Selfoss  
Selfoss - FH, úrvalsdeild kvenna

## ÚRSLIT KVENNA:

KR - FH: 1-2

Haukar - ÍA: 0-1

FH - ÍBV: 1-3

## ÚRSLIT KARLA:

Fjölnir - FH: 2-3

Haukar - Magni: 3-1

# Glæsilegt utanvegahlaup í Hafnarfirði á mánudag

14, 17,5 og 22 km hlaup um uppland Hafnarfjarðar

Skokkhópur Hauka stendur fyrir einu glæsilegasta utanvegahlaupinu hér á landi og það rétt við bæjardymar. Hvítasunnuhlaup Hauka verður haldið á annan í hvítasunnu og verður ræst við Ásvelli kl. 10.

Hlaupið er um gullfallegt og skógi vaxið uppland Hafnarfjarðar mest á þröngum stígum. Þrjár vegalengdir er í boði; 14 km, 17,5 km og 22 km langt hlaup. Allir leggja saman af stað en eftir 6 km skiptist leiðin og fara hóparnir sitt í hvora áttina en leiðirnar sameinast síðan á nýjan leik.

Ræst verður stundvíslega kl. 10 en á leiðinni eru þrjár drykkjarstöðvar og hlaupið er m.a. umhverfis Ástjörn, Hvaleyrarvatn og upp á Stórhöfða. Hlaupið er á malarstígum, troðningum, malargötum og skógarstígum og því mikilvægt að fylgjast vel með alla leið. Á kafla eru leiðir brattar og á stundum vel grýttar sem gerir hlaupið mjög skemmtilegt.

Búist er við 300-400 manns í hlaupunum en þarna keppa bæði skokkarar og margir af bestu hlaupurum landsins.

Skráning er á [hlaup.is](http://hlaup.is) og nánar má sjá um hlaupið á Facebook síðu þess.

Hlaupið við Stórhöfðann.



## SMÁUGLÝSINGAR

### þjónusta

**Bílaþrif. Kem og sæki.** Þvottur og bón verndar bílinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í síma 845 2100.

**Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.**

Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

**Garðsláttur í einum grænum.**

Tek að mér garðslátt í smærri og stærri gördum. Hagstætt verð. Geri tilboð. Uppl. í s. 845 2100.

## smáauglýsingar

[fjardarfrettir@fjardarfrettir.is](mailto:fjardarfrettir@fjardarfrettir.is)  
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.  
Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

[www.fjardarfrettir.is](http://www.fjardarfrettir.is)

## Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

[gudni@fjardarfrettir.is](mailto:gudni@fjardarfrettir.is)



# FH sigraði ÍBV á heimavelli

kjsf

FH og ÍBV keppa nú til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn í handbolt karla eftir magnaða baráttu FH og Selfoss.

FH og Selfoss mættust í oddaleik í undanúrslitunum í íþróttahúsi Vallaskóla á Selfossi 9. maí. Eftir mjög jafnar viðureignir stefndi í öruggan sigur FH-inga sem voru komnir með 5 markum forystu í hálfleik. En Selfyssingar gáfust ekki upp og 3 mörkum munaði í hálfleik. Aftur náði FH fimm markum forystu en Selfyssingar voru ekki af baki dottnir og minnkuðu muninn í eitt mark þegar um 10 mínútur

voru eftir. Eftir mjög spennandi lokamínútur stóðu FH-ingar uppi sem sigurvegarar 29-26 og sigruðu því í einvígum 3-2.

## TAP GEGN ÍBV Í FYRSTA LEIK Í VESTMANNAEYJUM

Fyrsti leikurinn í úrslita-einvígum gegn ÍBV var á laugardaginn í Vestmannaeyjum þar sem FH byrjaði vel og var yfir í hálfleik, 12-11 sem segir mikið um varnarleikinn. Hann var hins vegar ekki svipur að sjón í þeim síðari og Eyjamenn skorðu 21 mark.



Ísak Rafnsson á leið inn á völlinn í fylgt glæsilegra barna

Þegar um 5 mínútur voru eftir munaði aðeins 2 mörkum en þá völtuðu Eyjamenn yfir FH-ingana og skorðu 5 mörk gegn einu marki FH-inga og sigruðu 32-26.

## SANNGJARN SIGUR Á HEIMAVELLI

FH tók á móti ÍBV í Kaplakrika á þriðjudaginn og var gríðarlega góð stemning á leiknum. FH byrjaði með miklum látum og komust í 6-1. Eftir það jafnaðist leikurinn og

ÍBV náði eins marks forystu. En FH-ingar voru sterkari í leiknum og voru síðan með forystu sem eftir var og sigruðu svo 28-25. Óðinn Þór Ríkhartsson var markahæstur með 10 mörk og Ísak Rafnsson kom næstur með 5 mörk. Birkir Fannar Bragason varði vel í marki FH, varði 15 skot en Ágúst Elí varði 3.

## NÆSTI LEIKUR Í KVÖLD Í EYJUM

Þriðji leikurinn verður í Vestmannaeyjum í kvöld kl.



Vel fór á með þeim Aroni Rafni og Óðni Þór er þeir rákust saman.

# ØLSTOFA

HAFNARFJARÐAR

## Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



# ØLSTOFA

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði  
sími 578 0200

18.30 en fjórði leikurinn verður í Kaplakrika á laugardaginn kl. 19.30.

Fimmti leikurinn, ef þarf verður svo í Vestmannaeyjum þriðjudaginn 22. maí kl. 19.30.

Sjá umfjöllun um leikinn og fleiri myndir á [fjardarfrettir.is](http://fjardarfrettir.is)

# Sumarnámskeið frjálsíþróttadeildar 2018

Hin vinsælu frjálsíþrótt- og leikjanámskeið á vegum frjálsíþróttadeildar FH verða haldin í sumar fyrir sex til tíu ára börn (fædd 2008-2012).

Námskeiðin verða haldin á frjálsíþróttavellinum og í frjálsíþróttahöllinni í Kaplakrika.



**Skráning** fer fram í Nora-kerfinu. Auðvelt er að skrá sig í kerfið, en það er gert með því að fara á Mínar síður hjá Hafnarfjarðarbæ


Á námskeiðunum kynnast börnin ýmsum greinum frjálsíþróttar og fara í íþróttatengda leiki.

Lögð er áhersla á að börnin hafi með sér hollt nesti.

**Námskeiðsgjald:** 6.900 kr. vikan og 12.000 kr. fyrir tvær vikur. 2.000 kr. afsláttur er veittur ef skráð er á fleiri en eitt námskeið.

**Systkinaafsláttur:** Greitt er fullt gjald fyrir eitt barn en veittur er 2.000 króna afsláttur fyrir systkini þess þegar keypt er námskeið í tvær vikur.

Hreyfing  
Útivera  
Fjör  
Hollusta



Námskeiðin verða sem hér segir:

1. námskeið	11. júní - 15. júní	kl. 09-12
2. námskeið	11. júní - 15. júní	kl. 13-16
3. námskeið	18. júní - 22. júní	kl. 13-16
4. námskeið	18. júní - 22. júní	kl. 09-12
5. námskeið	25. júní - 29. júní	kl. 13-16
6. námskeið	2. júlí - 6. júlí	kl. 13-16
7. námskeið	30. júlí - 3. ágúst	kl. 09-12
8. námskeið	30. júlí - 3. ágúst	kl. 13-16
9. námskeið	6. ágúst - 10. ágúst	kl. 09-12
10. námskeið	6. ágúst - 10. ágúst	kl. 13-16

**Boðið er upp á barnagæslu milli kl. 16 og 17.**

Nánari upplýsingar eru veittar á [www.fh.is/frjalsar/](http://www.fh.is/frjalsar/)

og hjá umsjónarmanni námskeiðanna Melkorku Rán Hafliðadóttur, netfang: [melkorkaran97@gmail.com](mailto:melkorkaran97@gmail.com)